



ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Ísafjörður, 10. mars 2021
2021010023

Efni: Frumvarp til laga um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð)

Ísafjarðarbæ barst beiðni velferðarnefndar Alþingis um umsögn vegna frumvarps til laga um málefni innflytjenda (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð), 452. mál, þann 24. febrúar 2021. Ísafjarðarbær þakkar fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið. Málið var tekið fyrir á 457. fundi velferðarnefndar þann 4. mars 2021.

Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar bókaði eftirfarandi um erindið:

„Velferðarnefnd telur mikilvægt að starfsemi Fjölmenningsasetur haldist áfram í Ísafjarðarbæ um ókomna tíð“.

Umsögn velferðarnefndar var lögð fyrir 1144. fund bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 8. mars 2021 og staðfest með eftirfarandi bókun:

„Bæjarráð samþykkir að veita velferðarnefnd heimild til að skila umsögninni til Alþingis“.

Umsögn velferðarnefndar Ísafjarðarbæjar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Alberta Gullveig Guðbjartsdóttir
Deildarstjóri félagsþjónustu